



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 28/2014

Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar hjá Kredia og Smálánum

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Kredia ehf., dags. 19. nóvember 2013, óskaði stofnunin eftir skýringum félagsins á því hvers vegna flýtigjald væri ekki reiknað út sem hluti af árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Í bréfinu sagði að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Kredia, kredia.is, bjóði fyrirtækið neytendum tvær tegundir af láni; annars vegar hefðbundið smálán og hins vegar svokallað flýtilán. Hið fyrrnefnda fáist greitt út að liðnum átta dögum en flýtilánið innan klukkustundar. Kostnaður við hefðbundið 20.000 kr. lán sé 678 kr. sem gefi 50% árlega hlutfallstölu kostnaðar. Óski neytandinn eftir flýtiláni þurfi hann til viðbótar við 678 kr. af 20.000 kr. láni að greiða 5.990 kr. flýtigjald.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, megi árleg hlutfallstala kostnaðar ekki nema meiru en 50% að viðbættum stýrivöxtum. Í 21. gr. laganna, sem og reglugerð nr. 965/2013, um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sé fjallað um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Þá var í bréfinu sérstaklega vísað til ákvæða 1. og 4. mgr. 21. gr. laganna sem og orðskýringar í g. lið 1. mgr. 5. gr. þar sem fjallað er um heildarlántökukostnað.

2.

Svar Kredia barst með bréfi, dags. 6. desember 2013. Þar segir að réttast sé að gera stuttlega grein fyrir þeirri þjónustu sem félagið veiti en það bjóði neytendum svokölluð smálán, sem séu lán að fjárhæð 20.000 kr. í 30 daga. Ekki sé um að ræða aðrar lánsfjárhæðir, lánstíma eða lánskjör. Lánin beri enga vexti en lántökukostnaður sé 678 kr. Í því felist að árleg hlutfallstala kostnaðar sé 50% og þar með í fullu samræmi við ákvæði 26. gr. laga nr. 33/2013.



Rétt sé að leiðrétta þann misskilning sem fram komi í bréfi stofnunarinnar um að Kredia bjóði tvennskona lán. Þetta sé ekki rétt. Eins og að framan greini bjóði Kredia eingöngu upp á eina tegund láns, þar sem lánsfjárhæðin sé 20.000 kr. og lánið veitt til 30 daga. Á hinn bóginn bjóði Kredia viðskiptavinum sínum að velja sérstaka flýtiafgreiðslu sem hafi það í för með sér að lánshæfismat, skv. 10. gr. laganna, sé afgreitt með mun skjótari hætti en samkvæmt hefðbundnu ferli. Fyrir þessa þjónustu greiði viðskiptavinir aukalega 5.990 kr. sem komi til greiðslu á eindaga lánsins.

Í bréfinu er vísað til orðskýringar í g. lið 1. mgr. 5. gr. laganna og áhersla lögð á lokamálslið ákvæðisins þar sem segir að kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, sé einnig tekinn með í útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar ef skylda sé að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fáiast eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum.

Samkvæmt 10. gr. laganna beri lánveitanda skylda til þess að framkvæma lánshæfismat áður en lán sé veitt. Viðskiptavinir félagsins hafi því ekki val um það hvort þeir gangist undir lánshæfismatið. Engu að síður bjóðist þeim að flýta afgreiðslutíma lánsins gegn gjaldi. Þessa þjónustu þurfi þeir að velja sérstaklega þegar sótt sé um lánið. Kjósi viðskiptavinir að nýta sér ekki þjónustuna verði lánið afgreitt með hefðbundnum hætti og engum viðbótarkostnaði.

Í ljósi þess að viðskiptavinir hafi val um það hvort þeir nýti sér flýtiþjónustu félagsins eða ekki reiknist kostnaður vegna þjónustunnar ekki til árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Eins og fram komi í tilvitnuðu ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. þá teljist einungis kostnaður við viðbótarþjónustu sem skylda sé að nýta sér til að fá lánið afgreitt, til heildarlántökukostnaðar og þar með árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

3.

Neytendastofa óskaði eftir frekari skýringum Kredia með bréfi, dags. 7. janúar 2014. Í bréfinu sagði að stofnunin teldi þörf á frekari skýringum á því að Kredia telji flýtiþjónustu sína til viðbótarþjónustu. Í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, sem og umfjöllun í greinargerð, sé til þess vísað að viðbótarþjónusta geti einkum verið váttryggingar. Í 22. lið inngangsorða tilskipunar 2008/48/EB, um lánsamninga fyrir neytendur, sé fjallað um viðbótarþjónustu og í því sambandi vísað til trygginga sem og opunar bankareikninga í tengslum við lánsamning. Af þessu telji Neytendastofa að til þess að um viðbótarþjónustu sé að ræða þurfi að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna. Af bréfi Kredia og upplýsingum á heimasíðu félagsins fái stofnunin ekki séð að flýtiþjónustan feli í sér að neytandanum sé veitt önnur þjónusta til viðbótar við lánið heldur sé lánið afgreitt með öðrum hætti, þ.e. fyrr. Neytendastofa telji flýtiþjónustuna því ekki til þess fallna að vera viðbótarþjónustu.



4.

Í svari Kredia, sem dags. er 15. janúar 2014, er vísað til ákvæða g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, athugasemda við ákvæðið, sem og til 19. gr. tilskipunar 2008/48/EB og g. liðar 3. gr. tilskipunarinnar. Af þeim ákvæðum sé í fyrsta lagi ljóst að það sé skilyrði að kostnaður sé með þeim hætti að lántakandi þurfi að greiða hann, þ.e. lántakandi geti ekki komið sér undan því að greiða kostnaðinn, ef hann ætli sér að fá lánveitinguna á annað borð. Þetta sé ekki tilfellið með flýtigjald Kredia þar sem lántakendur hafi val um það hvort þeir nýti sér þjónustuna sem gjaldið sé tekið fyrir. Þannig geti allir lántakendur kosið að nýta ekki þjónustuna og greiða þar með ekki fyrir hana, en engu að síður fengið lán sitt afgreitt.

Í öðru lagi þurfi viðbótarþjónustusamningur að vera forsenda fyrir lánveitingu til að kostnaður vegna hans teljist til heildarlántökukostnaðar. Í ákvæðinu séu vátryggingariðgjöld nefnd í dæmaskyni, e.t.v. vegna þess hversu algengt sé að neytendur þurfi að kaupa sér tryggingar til þess að fá lán. Kredia geti ekki fallist á það mat Neytendastofu að af þessu megi vera ljóst að til þess að um viðbótarþjónustu sé að ræða þurfi að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna. Það sé að segja að eðli viðbótarþjónustunnar þurfi að vera annað heldur en eðli lánveitingarinnar eða að þjónustan megi ekki vera af sömu tegund og veitt sé í hefðbundnu afgreiðsluferli. Að mati Kredia sé útilokað að túlka ákvæðið með þeim hætti. Viðbótarþjónustan þurfi ekki að fela í sér ný eða annars konar handtök við afgreiðslu lánsúmsóknar. Þvert á móti geti viðbótarþjónustan verið eðlisskyld lánveitingarþjónustunni og jafnvel verið sams konar þeirri þjónustu sem veitt sé í hefðbundnu afgreiðsluferli. Þannig geti lánveitandi boðið flýtiafgreiðslu gegn gjaldi, sem ekki teljist til heildarlántökukostnaðar. Það sem skipti höfuðmáli sé að viðbótarþjónustan sé valkvæð og lántakandi sé ekki skyldugur til þess að nýta sér hana, og þar með greiða fyrir hana gjald, í því skyni að fá lánsúmsókn sína afgreidda. Ekki sé hægt að leggja annan skilning í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. laganna við hefðbundna túlkun þess, þ.e. samkvæmt orðanna hljóðan.

Líkt og áður hafi verið vikið að þá sé minnst á viðbótarþjónustu eða „ancillary services“ í g. lið 1. mgr. 5. gr. laganna. Evróputilskipunin, íslenski lagatextinn og athugasemdirnar með frumvarpinu gera ráð fyrir því að hægt sé að gera einhverskonar þjónustusamning milli lánveitanda og lántakanda. Svo lengi sem það sé ekki skylda að gera slíkan samning teljist hann ekki til heildarlántökukostnaðar. Svo einfalt sé það. Engan áskilnað um tegund eða eðli viðbótarþjónustunnar, eða að hvaða leyti hún þurfi að vera frábrugðin lánveitingarþjónustunni sjálfri sé að finna í lögnum eða lögskýringargögnum.

Í skýrslu European Commission: Commission Staff Working Document – Guidelines on the application of Directive 2008/48/EC (Consumer Credit Directive) in relation to costs and the Annual Percentage Rate of charge, sé að finna ummæli sem gefi vísbendingar um hvernig tilskipun Evrópusambandsins verði túlkuð:

„As for ancillary services, it should be noted that:



- *Ancillary services refer to services which are auxiliary or supplementary to the credit agreement, sometimes offered in the form of cross-selling products. Examples of these services include the opening of any kind of account, insurance contracts, concierge services or loyalty programs. Insurance contracts could include credit insurance, payment protection insurance, travel insurance, purchase insurance, motor insurance or other types of insurance, sureties or guarantees. Also another type of ancillary service is an agreement that provides that capital constituted from payments made by the consumer would net result in an immediate corresponding amortisation of the amount of credit. This list is not exhaustive, because the CCD does not limit the types on ancillary services.*“

Um það hvenær viðbótarþjónustusamningur sé valkvæður og hvenær ekki segi í skýrslunni:

„-*Ancillary services can be considered as not mandatory where:*

- *the consumer is informed and can choose at any time during the credit agreement between products offered by the creditor including being able to keep the same credit facility but without any ancillary services (bundling),*
- *the consumer can withdraw from the ancillary services at any time and stop paying their costs without this withdrawal having any cost or any other effect on the terms of the credit.*“

Um það hvenær viðbótarþjónustusamningur teljist hluti af heildarlántökukostnaði og hvenær ekki fari eftir því hvort skylda sé að gera viðbótarþjónustusamningin eða ekki. Samkvæmt orðalagi framangreindrar skýrslu geti slíkir samningar verið mjög fjölbreyttir, þar á meðal tryggingar vegna vanskila og ábyrgðir. Jafnframt virðist vera hægt að gera viðbótarþjónustusamninga samhliða lánsamningnum, en ef kjör lánsins eða auglýstir skilmálar ráðist að einhverju leyti af viðbótarþjónustusamningnum, teljist allur kostnaður við hann hluti af heildarlántökukostnaði.

Af öllu framansögðu sé ljóst að tegund og eðli viðbótarþjónustu geti verið ýmis konar og tegund þjónustunnar ráði því ekki hvort kostnaður vegna hennar teljist til heildarlántökukostnaðar. Viðbótarþjónusta þurfi ekki að vera önnur eða ótengd lánveitingunni. Kostnaður vegna viðbótarþjónustunnar teljist eingöngu til heildarlántökukostnaðar ef kaup á viðbótarþjónustunni sé skilyrði fyrir lánveitingu. Því fari fjarri í tilviki Kredia.

5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. mars 2014, til Smálána ehf., sem er félag í eigu sömu aðila og Kredia ehf., var vísað til bréfa stofnunarinnar til Kredia og Smálánum gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu. Flýtiþjónusta Kredia og Smálána væri, samkvæmt upplýsingum á heimasíðum félaganna, með sama hætti og í ljósi þess að sami aðili væri að baki báðum félögum yrði málið afgreitt í einni ákvörðun.



Teldi félagið ekki þörf á að koma að frekari athugasemdum teldist gagnaöflun málsins lokið.

Með bréfi, dags. 14. mars 2014, var vísað til fyrri svara og stofnuninni gerð grein fyrir því að félagið teldi ekki þörf á að koma að frekari athugasemdum í málinu og geri athugasemdir Kredia að sínum.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita hvort Kredia ehf. og Smálán ehf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 33/2013, um neytendalán, með því að undanskilja flýtigjald við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þar sem sami aðili stendur að baki báðum félögum og málið snýr að sömu háttsemi beggja félaga hefur málið verið sameinað. Af hálfu Kredia og Smálána hefur verið bent á að neytendur hafi val um hvort þeir nýti sér flýtiafgreiðslu og því sé ekki um að ræða kostnað sem teljist hluti af heildarlántökukostnaði. Samkvæmt skilgreiningum laga nr. 33/2013, um neytendalán, sé kostnaðurinn því ekki hluti af árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Í málinu koma til álita ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr., 21. gr. og 26. gr. laga nr. 33/2013.

Í 5. gr. eru orðskýringar laga nr. 33/2013 og er þar í g. lið að finna svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu heildarlántökukostnaður:

„Allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, er einnig tekinn með í útreikninginn ef skylda er að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fáiast eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum.“

Fjallað er um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar í 21. gr. laganna. Í gögnum málsins hefur verið vísað sérstaklega til ákvæða 1. og 4. mgr. 21. gr. sem eru svohljóðandi:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirði af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánsamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal lýst sem árlegu hlutfalli af heildarþjárhæð sem neytandi greiðir. Skal hún reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkan sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð sem ráðherra setur.

[...]

Við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal ákvarða heildarlántökukostnað neytanda. Ekki skulu meðtalin í útreikningi möguleg viðurlög eða sektargreiðslur vegna



vanefnda. Slíkt hið sama á við um kostnað sem fylgir kaupum á vöru eða þjónustu, hvort sem kaupin fara fram gegn staðgreiðslu eða láni.“

Þá er í 26. gr. laganna fjallað á hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, þar sem segir:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánum má ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum.“

2.

Lánveitanda er skylt að meta lánshæfi neytanda áður en samningur um neytendalán er gerður, skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013. Í reglugerð nr. 965/2013, um lánshæfis- og greiðslumat er nánar fjallað um skyldu til að lánshæfismeta neytanda og hvernig slíkt mat skuli framkvæmt. Þar segir t.a.m. í 1. mgr. 5. gr. að lánshæfismat skuli byggja á viðskiptasögu milli lánveitanda og lántaka og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust. Löggin eða reglugerðin koma ekki í veg fyrir að lánveitandi geti farið fram á greiðslu fyrir lánshæfismatið en telst slíkur kostnaður þá hluti af heildarlántökukostnaði, sbr. g. lið 1. mgr. 5. gr. laganna.

Af hálfu Kredia og Smálána er á því byggt að neytendur sem taki lán hjá félögunum hafi val um það hvort þeir óski eftir flýtiafgreiðslu eða ekki. Óski þeir eftir flýtiafgreiðslu sé lánshæfismat framkvæmt af sænska félaginu Credit Check á innan við klukkustund, sem geri það að verkum að hægt sé að afgreiða lánsúmsóknina á um einni klukkustund. Sé ekki óskað eftir flýtiafgreiðslu framkvæmi félögin sjálf lánshæfismatið en í þeim tilvikum geti afgreiðsla lánsúmsóknarinnar tekið allt að átta daga. Flýtiafgreiðsla teljist viðbótarþjónusta þar sem hægt sé að fá lánið afgreitt án hennar og í ljósi þess að flýtiafgreiðslan sé neytendum valkvæð teljist hún ekki hluti af heildarlántökukostnaði og sé þar með ekki hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Í tilefni þeirra athugasemda Neytendastofu að stofnunin telji flýtiafgreiðslu ekki geta talist viðbótarþjónustu hefur af hálfu Kredia og Smálána verið vísað til skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með leiðbeiningum um innleiðingu tilskipunar nr. 2008/48/EB, sem innleidd er með lögum nr. 33/2013. Segir réttilega í athugasemdum Kredia og Smálána að samkvæmt skýrslunni fari það eftir því hvort skylda sé að gera viðbótarsamning eða ekki, hvort viðbótarþjónustusamningur teljist hluti af heildarlántökukostnaði. Er jafnframt réttilega tekið upp úr skýrslunni að þessir samningar geti verið mjög fjölbreyttir. Neytendastofa vill benda á að í skýrslunni segir skýrlega að: *„Ancillary services refer to services which are auxiliary or supplementary to the credit agreement, sometimes offered in the form of cross-selling products.“* Sú forsenda að neytendum standi til boða að greiða fyrir lánshæfismat, sem lánveitanda er samkvæmt lögum nr. 33/2013 skylt að framkvæma, frá þriðja aðila, í þeim tilgangi að fá afgreiðslu lánsúmsóknarinnar hraðað, felur samkvæmt þessu ekki í sér þjónustu sem er stoð- eða viðbótarþjónusta við lánsamninginn. Þá má á það benda að í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr.



laga nr. 33/2013, sem og umfjöllun í greinargerð, er til þess vísað að viðbótarþjónusta geti einkum verið vátryggingar. Í 22. lið inngangsorða tilskipunar 2008/48/EB er fjallað um viðbótarþjónustu og í því sambandi vísað til trygginga sem og opunar bankareikninga í tengslum við lánsamning. Þetta styður enn frekar það mat stofnunarinnar að til þess að um viðbótarþjónustu sé að ræða þarf að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna eða framkvæmd hennar.

Þrátt fyrir að neytendur hafi val um það hvort þeir nýti sér flýtiafgreiðslu getur hún, með vísan til ofangreinds, ekki talist viðbótarþjónusta. Lánveitanda er skylt að framkvæma lánshæfismat þó honum sé frjálst að innheimta kostnað fyrir gerð þess. Kostnaður við gerð lánshæfismats telst því hluti af heildarlántökukostnaði, skv. g. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, og kemur til útreiknings árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 4. mgr. 21. gr. laganna.

Með því að reikna 5.990 kr. kostnað við flýtiafgreiðslu lánshæfismats hafa Kredia og Smálán því brotið gegn ákvæði 21. gr. laga nr. 33/2013 og ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 965/2013. Þá hafa Kredia og Smálán brotið gegn 26. gr. laga nr. 33/2013 með því að innheimta kostnað af lánnum sínum sem nemur 3.214,0% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

3.

Neytendastofu er, samkvæmt u. og x. liðum 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013, heimilt að leggja stjórnvaldssekt á lánveitanda sem brýtur gegn ákvæðum 21. og 26. gr. laganna. Með vísan til þess að afar skýrt er af ákvæði 26. gr. laganna að tilgangur þess væri að takmarka þann kostnað sem neytendur verða fyrir af neytendalánnum telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita sektarheimild sinni til verndar heildarhagsmunum neytenda. Stjórnvaldssektir geta samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laganna numið frá 100.000 kr. til 20 millj. kr. Að teknu tilliti til þess að um fyrsta brot er að ræða telur Neytendastofa hæfilegt að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvöhundruðogfimm tíu þúsund krónur) á hvort félag.



III.

Ákvörðunarorð:

„Kredia ehf. og Smálán ehf., Nóatúni 17, Reykjavík hafa brotið gegn ákvæðum 21. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, og 3. gr. reglugerðar nr. 956/2013, um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, með því að undanskilja kostnað af framkvæmd lánsþæfismats við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Kredia ehf. og Smálán ehf., hafa brotið gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, með því að innheimta kostnað af lánum sem nemur 3.214,0% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, bannar Neytendastofa Kredia ehf. og Smálánnum ehf. að undanskilja kostnað af framkvæmd lánsþæfismats við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Kredia ehf. og Smálánnum ehf. er jafnframt bannað að innheimta hærri kostnað af lánum sínum en nema 50% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að viðbættum stýrivöxtum.

Með heimild í u. og x. lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Kredia ehf. að fjárhæð 250.000 kr. (tvöhundruðogfimmtíuþúsunkrónum).

Með heimild í u. og x. lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Smálán ehf. að fjárhæð 250.000 kr. (tvöhundruðogfimmtíuþúsunkrónum).

Sektirnar skulu greiddar í ríkissjóð innan þriggja mánaða.“

Neytendastofa, 2. júní 2014.

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir